

# Aðalfundur SK 20.01.2016

## Sundárið 2015

Starfsemi Sunddeildar Keflavíkur hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár. Við erum sem fyrr í samstarfi við Sunddeild Njarðvíkur og hefur það samstarf gengið mjög vel. Saman getum við verið með mjög öfluga starfsemi, góða þjálfara og gefið iðkendum tækifæri sem þeir annars fengu ekki. Saman erum við besta unglingsliðið landssins og eigum við stóran hóp sundmanna sem eru að synda með unglingslandslíðum Íslands. Við unnum AMÍ fimmta árið í röð með yfirburðum, í bikarkeppni SSÍ varð kvennaliðið okkar í öðru sæti og í annari deild varð b - liðið kvenna í fyrsta sæti. Við höldum Landsbankamót og lokahóf í framhaldi af því og tókst það mjög vel. Fréttabréfið okkar er á sínum stað og kemur það út á heimasíðu okkar, <http://keflavik.is/sund> Að gefa út svona blað er mikil vinna og vil ég þakka þeim sem koma að því kærlega fyrir. Fréttabréfið er góð leið fyrir foreldra og sundmenn að fylgjast með því mikla starfi sem við höldum úti. Æfingardagarnir voru á sínum stað en þá koma okkar yngstu sundmenn og fá að æfa í Vatnaveröld. Þar fá þau að sjá aðra þjálfara og að kynnast því að æfa í stóru lauginni okkar því oft hefur það verið þeim erfitt að koma úr litlu hverfislaugunum okkar og byrja að æfa í stóru lauginni og hafa þessir æfingadagar mælst virkilega vel fyrir

Þann 30 janúar fóru 23 keppendur ásamt þjálfara og tveimur fararstjórum til Lúxemborg til að keppa á Euromeet. Þetta er sterkt mót og á því kepptu 800 sundmenn frá 26 löndum. Á mótinu er keppt í þremur aldursflokkum en þeir eru svipaðir og aldursflokkarnir sem notaðir eru í landsliðum Íslands. Lágmarkin á mótinu eru þung og aðeins bestu sundmenn Íslands eiga möguleika á að vinna til verðlauna þarna. Enginn okkar sundmanna náði í úrslit í opnum flokki en margir náðu að vera í topp 10 í sínum aldursflokki og Stefanía Sigurþórsdóttir vann brons í 200 bringu í sínum aldursflokki og náði besta árangri okkar sundmanna.

Krakkarnir gerðu meira en að synda. Þau notuðu tækifærið til þess að horfa á bestu sundmenn Evrópu keppa, kynnast sundmönnum frá hinum ýmsu Evrópulöndum og jafnvel spjalla við heimsþekkta sundmenn eins og hin danska Viktor Bromer og Paul Biedermann sem er þýskur heimsmethafi og gáfu þeir sér tíma til að spjalla og sitja fyrir á myndum. Mótið var svo sannarlega góð reynsla fyrir okkar fólk. Bestu þakkir fær Magnea Björnsdóttir sem var fararstjóri ásamt undirrituðum og einnig Sigurpór Sævarsson sem fór með til þess að dæma á mótinu og aðstoða hópinn.

Í apríl fór fram IM50. Þar stóðu sundmenn okkar sig vel og vann ÍRB til 37 verðlauna, 6 gull, 15 silfur og 16 brons. Þetta voru 30 verðlaun í einstaklings greinum og 7 verðlaun í

boðsundum. Við eignuðumst þrjá Íslandsmeistarar á mótinu. Þröst Bjarnason í 800 og 1500m skriðsundi, Kristófer Sigurðsson í 200 og 400m skriðsundi og Baldvin Sigmarsson í 400m fjórsundi.

Okkar árlega Landsbankamót var haldið um miðjan maí. Í ár voru synt um 1700 sund, 16 Landsbankamet og 14 félagsmet voru slegin. Á föstudeginum synti yngsti hópurinn í 25m laug og í lokin var farið í sjóræningjaleik sem er alltaf hápunktur dagsins ásamt því að allir fengu sinn þátttökupening. Eldri sundmennirnir kepptu svo á laugar- og sunnudegi. Of langt mál er að fara yfir þá sem unnu til verðlauna á þessu móti en hægt er að finna þau og öll önnur úrslit frá mótum okkar á heimasíðunni okkar [www.keflavik.is/sund](http://www.keflavik.is/sund).

Til að halda mót af þessum stærðargráðum er nauðsynlegt að hafa samstilltan hóp foreldra en við hjá sunddeildinni eru heppin að hafa frábært fólk sem skilar þessari vinnu ár eftir ár með miklum sóma. Við viljum þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn; foreldrum, starfsfólki Vatnaveraldar, starfsfólki Holtaskóla, starfsfólki Skólamatar og okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Reykjanesbæ, Nettó og Sigurjóni í Sigurjónsbakaríi.

Eftir að Landsbankamóti lauk var svo glæsilegt lokahóf og uppskeruhátíð í hátíðarsal FS. Þangað mættu stór hópur fólks til kvöldverðar. Fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru afhent. Veitt voru verðlaun eftir hvatningarkerfi okkar og einnig voru verðlaunaðir sundmenn hvers aldursflokks fyrir sig.

Í júní voru Smáþjóðaleikarnir haldnir hér á Íslandi. Í landsliðshópnum voru Frá Sunddeild Keflavíkur þeir Þröstur Bjarnason og Kristófer Sigurðsson. Þeir stóðu sig með ágætum. Þröstur Bjarnason varð í 4. sæti í 1500 m skriðsundi og Kristófer Sigurðsson lenti í 5. sæti í 400 m skriðsundi. Hann synti einnig fyrsta sprett í 4x200 m boðsundi og vann þar til silfurverðlauna með boðsundslíði sínu.

Aldursflokksmeistaramót Íslands - AMÍ var haldið á Akureyri í lok júní og var árangur sundmanna okkar þar hreint út sagt frábær. ÍRB vann AMÍ með yfirburðum fimmta árið í röð og fékk 1745 stig, 852 stig meira en liðið í öðru sæti. Liðið vann 94 gull, 75 silfur og 55 brons. Við áttum 33 einstaklinga sem náðu að vera aldursflokksmeistarar. Ennfremur náðu 48 einstaklingar að vinna til verðlauna í einstaklingskeppni og alls náðu 53 úr liðinu að vinna til verðlauna, þegar boðsund eru talin með, af 60 manna liði. Alls náðu 59 sundmenn að vinna stig fyrir liðið þ.e. að þeir voru í einu af 6 efstu sætunum og sextugasti sundmaðurinn var í sjöunda sæti, einu sæti frá stigaseti en sá sundmaður er aðeins 10 ára gamall. Alveg frábær

árangur hjá frábæru liði. Við þökkum öllum sem tóku þátt í undirbúningi, framkvæmd og vinnu á mótinu. Til hamingju sundmenn og þjálfarar með þennan glæsilega árangur.

Á lokahófi AMÍ fékk Stefanía Sigurpórsdóttir verðlaun fyrir samanlagðan árangur í 800, 200 og 100 m skriðsundi, einnig hlaut Stefanía Ólafsbikarinn fyrir besta afrek á AMÍ fyrir 800 m skriðsund.

Í lok júlí fór Stefanía Sigurpórsdóttir til Tibilissi, Georgíu til að keppa fyrir hönd Íslands á EYOF, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Stefanía keppti í 200, 400 og 800m skriðsundi. Hún náði sér ekki á strik á mótinu en reynslan sem þessi efnilega sundkona fær á svona stóru móti er mikil og mjög mikilvægt fyrir unga sundmenn að fá tækifæri eins og þetta til að bæta í reynslubankann.

Fyrsta Speedomót ÍRB fór fram í Vatnaveröld í lok október. Mótið er nýbreytni á sundmarkaðnum, en það er eingöngu fyrir sundmenn 12 ára og yngri. Mótið gekk í alla staði mjög vel og voru þau sundfélög sem mættu til okkar afar ánægð með alla framkvæmd þess. Gaman er að segja frá því að, í fyrsta skipti í langan tíma þá voru nánast jafnmargir strákar og stelpur að keppa eða 43 strákar og 44 stelpur. Gaman að sjá að það sé að fjölga í strákahópunum. Sundmennirnir okkar voru að standa sig gríðarlega vel, og eiga sannarlega framtíðina fyrir sér

Í nóvember fór fram í Ásvallalaug, Hafnafirði ÍM í 25m laug. Þar stóðu sundmenn okkar sig mjög vel. Þröstur Bjarnason varð Íslandsmeistari í 1500, 800, og 400m skriðsundi og Baldvin Sigmarsson varð Íslandsmeistari í 200m flugsundi og 400m fjórsundi.

Bikarkeppni Sundssambands Íslands var einnig haldinn í nóvember. ÍRB átti kvennalið í 1. og 2. deild og karlalið í 1. deild. Keppnin í 1. deild kvenna var æsispennandi og hafnaði lið ÍRB í öðru sæti aðeins 379 stigum á eftir SH eftir hörkukeppni. Karlalið ÍRB lenti í fjórða sæti, en liðið er mjög ungt að árum og þar er mikil endurnýjun í gangi. Hins vegar sigraði b - kvennalið ÍRB aðra deildina með talsverðum yfirburðum. Frábær helgi hjá sundfólkinu okkar.

Í desember fór Stefanía Sigurpórsdóttir á Norðurlandamótið í sundi Mótið var haldið í Bergen í Noregi. Mótið var gríðarsterkt og erfitt var að komast í úrslit. Stefanía stóð sig með þryði á mótinu en reynslan sem sundfólk fær með því að keppa á svona sterku móti er nauðsynleg fyrir sundfólk til þess að ná lengra í sinni grein og ljóst er að þetta mót fer í reynslubankann hjá henni og gerir hana að enn betri sundmanni.

Við tókum einnig þátt í mörgum öðrum mótum félagsliða þar sem sundmenn okkar komu allstaðar vel fyrir, stóðu sig vel og voru sjálfum sér og félagi okkar til mikils sóma. Hægt er að sjá úrslit þessara móta á heimasíðu okkar. <http://keflavik.is/sund/keppni/urslit/>.

Á árlegu hófi sem haldið var í lok desember voru þau Stefanía Sigurþórsdóttir og Kristófer Sigurðsson valin sundmenn Keflavíkur og í framhaldi af því var Kristófer valinn íþróttakarll Reykjanesbæjar. Þau stóðu sig bæði mjög vel á árinu og eru öðrum sundmönnum góð fyrirmynd.

Við hjá sunddeildinni erum með frábæran hóp þjálfara allt frá yngstu hópum og uppúr. En við erum líka svo heppinn að hafa frábæran hóp foreldra sem er tilbúinn að bjóða fram krafta sína í þágu sunddeildarinnar ár eftir ár og stendur sig ávallt með miklum sóma. Það er því óhætt að segja að framtíðin sé björt hjá Sunddeild Keflavíkur.

Hilmar Örn Jónasson  
Formaður Sunddeildar Keflavíkur

**Stjórn SK árið 2015 skipuðu:**

Hilmar Örn Jónasson, formaður

Gunnrún Theódórsdóttir - varaformaður

Guðmunda Róbertsdóttir - gjaldkeri

Guðný Magnúsdóttir - Ritari

Sigurþór Sævarsson - Meðstjórnandi

Guðrún Jóna Árnadóttir - varamaður

Falur Helgi Daðason - varamaður